

## Gullin í grenndinni september 2020

**Heiti verkefnis:** Velja tré og svæði þar í kring. Skordýraleit.

### **Markmið verkefnis**

Að nemendur velji sér stað og tré í Vinaskógi til að dvelja á og rannsaka í vetur.

Leita að skordýrum og rannsaka þau með stækkunarglerjum

### **Verkefnalýsing**

Þegar komið er í skóginn verður nemendum skipt í hópa. Alltaf sömu hópar. Hver hópur finnur sér stað, sest niður og allir kynna sig.

Kennarinn kynnir verkefni dagsins sem er að finna sér tré sem fylgjast á með í vetur. Þannig að hóparnir fara alltaf á sama stað til þess að leysa verkefni og alltaf verður rætt um tréð sem valið var, hvort það hafi breyst o.s.frv.

Börnin fá stækkunargler og box, gjarnan tvo eða þrjú saman í hóp, og fara í skordýraleit.

Að verkefni loknu hittast hóparnir og fá sér skógarsafa og síðan er frjáls leikur.

### **Undirbúningur, námsefni, tæki og tól**

Myndavél eða annað tæki til að taka mynd af trénu. Ef vill efnisræma til að merkja tréð með. – Álfheimar finna til efnisræmu –gott ef að sem flestir eru með tæki til að taka myndir.

Stækkunargler – Vallaskóli og Álfheimar taka með þau stækkunargler sem til eru.

Box fyrir skordýr. – Álfheimar finna það til.